

## Grænkun Valla - starfshópur

Fundur 1. - 2103424

Fundurinn var haldinn á Teams, þriðjudaginn 8. febrúar 2022 kl. 9:00.

### Mættir:

Skarphéðinn Orri Björnsson  
Lára Janusdóttir  
Ásgeir Harðarson  
Stefán Már Gunnlaugsson  
Sævar Gíslason  
Jón Arnar Jónsson  
Olgeir Gestsson

### Frá umhverfis- og skipulagssviði

Helga Stefánsdóttir (HS)  
Ishmael David (ID)

### Forföll:

Berglind Guðmundsdóttir (BG)

### Fundarefni:

Á fundi Umhverfis- og framkvæmdaráðs 2. Feb var bókað:

#### 9. 2103424 - Grænkun Valla

Lagt fram erindisbréf starfshóps um grænkun Valla, einnig lögð fram tillaga að skipan hópsins.

*Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir framlagt erindisbréf. Frá meirihluta skipa hópin Ásgeir Harðarson frá Framsókn og óháðum. Orri Björnsson og Lára Janusdóttir frá Sjálfstæðisflokki. Frá minnihluta skipa hópin Stefán Már Gunnlaugsson frá Samfylkingu og Sævar Gíslason frá Miðflokki. Fulltrúar íbúasamtaka eru Jón Arnar Jónsson og Olgeir Gestsson. Orri Björnsson verður formaður starfshópsins.*

#### Hlutverk hópsins er:

*Umhverfis og framkvæmdaráð samþykkir að stofnaður verði samráðshópur til að forgangsraða verkefnum um grænkun Valla.*

*Starfshópurinn hafi það hlutverk að skoða skipulag og gera áætlun til þriggja ára um grænkun og umhverfisumbætur á Völlum.*

*Síðustu ár hefur margt verið gert til að bæta græn svæði á Völlunum og gera hverfið vistlegra. Með áætlun til þriggja ára skapast nægur tími til að vinna verkefnið í góðu samráði og samstarfi við íbúa.*

*Fara þarf í heildarskoðun á skipulaginu, með það að markmiði að fjölga grænum svæðum og mýkja ásýnd hverfisins, með aðkomu landslagsarkitekts.*

*Við vinnu fagaðila verði Umhverfis- og auðlindastefna og Trjáræktarstefna Hafnarfjarðar hafðar til hliðsjónar.*

*Fyrsta skref verði að búa til heildaryfirlit yfir þau verkefni sem til greina koma. Þegar niðurstaða hefur náðst um þau þarf að forgangsraða og síðan að útbúa kostnaðaráætlun fyrir verkefnið í heild sinni.*

Rætt var vítt og breytt um þörf verkefni á Völlunum. Stefnt er að því að halda íbúafund í byrjun mars.

Fyrir næsta funda voru fundarmenn beðnir um að senda á HS hugmyndir af verkefnum sem tekin yrðu síðan til umræðu á næsta fundi.

Fundarmenn eru hvattir til að kynna sér:

Umhverfis- og auðlindastefna [https://www.hafnarfjordur.is/media/stefnur-og-reglur/umhverfis-og-audlindastefna\\_final-web\\_lowres.pdf](https://www.hafnarfjordur.is/media/stefnur-og-reglur/umhverfis-og-audlindastefna_final-web_lowres.pdf)

Trjáræktarstefna Hafnarfjarðar <https://www.hafnarfjordur.is/media/stefnur-og-reglur/Hfi-Trjaraektarstefna2021-drog.pdf>

Næsti fundur verður 15. febrúar kl 15:00.

Rit /HS